



GRÆNT BÓKHOLD LANDSPÍTALA 2020

uppgjör á loftslagsmarkmiðum 2016-2020 og starfsáætlun Landspítala í umhverfismálum 2018-2020

LOFTSLAGSÚRBÆTUR - BETRI FRAMTÍÐ

Losun í CO₂- ígildum (tonn)

	ÁRANGUR	ÁSKORUN	2015	2020	Markmið	Breyting
 GLAÐLOFT OG SVÆFINGAGÖS	Stórstígar breytingar hafa orðið með uppsetningu á glaðloftseyðingarbúnaði á kvennadeild sem dregur úr heildarlosun CO ₂ -íg. spítalans um 20% en um 50% CO ₂ -íg. vegna glaðlofts. Einnig hafa orðið breytingar í notkun á svæfingagösum. Árið 2020 var hætt að nota desfluoran sem er 2.540 sinnum öflugri gróðurhúsalofttegund en CO ₂ , í staðinn kemur svæfingagas sem veldur ekki losun.	Við uppgjör ársins 2020 kom í ljós leki á glaðlofti í Fossvogi. Lekinn skýrir aukningu og óþarfa losun þar en lagfærist með endurbótum sem ráðist var í.	1.598	900	50%	-54% glaðloft -44% glaðloft og svæfingagös
 AKSTUR BÍLA SPÍTALANS	Á tímabilinu fjölgaði hreinorkubílum; 4 rafbílur og 1 metanbíl. Hreinorkubílar eru nú 13% af flota spítalans.	Hægt hefur gengið að endurnýja bíla sem hreinorkubíla er uppfylla þarfir spítalans. Í upphafi var bílaeign dreifð á deildir og ekki nægjanleg yfirsýn yfir fjölda bílanna. Á tímabilinu hefur bílum fjölgað sem skýrir aukna losun þrátt fyrir fleiri hreinorkubíla.	99	101	100%	2%
 AKSTUR STARFSFÓLKS Á EIGIN BÍL	Akstur starfsfólks á eigin bíl í vinnuferðum dróst saman um 42% á tímabilinu. Komið var upp hleðslustöðum fyrir rafbílur á fjórum stöðum. Aukið framboð af vistvænni leiðum; skutla milli stóru starfsstöðvanna er mikið notuð, á sumum stöðum er boðið upp á rafhjól og rafhlaupahjól, deilíbíla og fjarfundaleiðir.		112	64	Hluti af 20%*	-42%
 GUFUFRAMLEIÐSLA KETILHÚS	Hætt var að nota gufuketil við Hringbraut sem var stóraðgerð í loftslagsvinnu spítalans. Losun vegna ketilsins dróst saman um nærri 100% en hann verður áfram varaketill.	Nota þurfti varaketilinn árið 2020 þegar heita vatnið fór af Hringbrautarsvæðinu	258	9	100%	-96%
 GUFUFRAMLEIÐSLA TUNGUHÁLSI		Undanfarin ár hafa reglulega komið upp atvik í þvottahúsi sem hafa reynt á varaketil með tilheyrandi olíunotkun. Í skoðun eru úrbætur á Tunguhálsi.	35	175	Ekki sett	396%
 LEIGUBÍLA-NOTKUN	Samdráttur er í losun vegna leigubílanotkunar. Aukið framboð af vistvænni leiðum; skutla milli stóru starfsstöðvanna er mikið notuð, á sumum stöðum er boðið upp á rafhjól og rafhlaupahjól, deilíbíla og fjarfundaleiðir. Breyting á vinnutímum og skráningu hefur líka haft áhrif.		34	22	Hluti af 20%*	-37%
 RAFORKA	Endurnýjun ljósabúnaðar spítalans yfir í LED og orkunýtnari tæki. Þrátt fyrir fleiri orkufrek tæki s.s. jáeindaskanna og að eldhúsið er nú knúð rafmagn í stað gufubrýstingi frá olíu hefur raforkunotkun dregist saman.		255	186	Ekki sett	-27%
 AKSTUR STARFSFÓLKS Í OG ÚR VINNU	Bætt aðstaða, samgöngusamningar og strætótilboð hafa aukið vistvænar samgöngur starfsmanna. Hjólaaðstaða við Hringbraut var bætt 2019; tvö vel útbúin, aðgangsstýrð hjólaskýli fyrir um 90 hjól og bætt búninga-aðstaða á nokkrum starfsstöðvum. Árið 2020 bættist við hjólaskýli í Fossvogi. Raftenglar, viðgerðasett og merkingar bættust einnig við. Árið 2019 var átak með Strætó sem leiddi til þess að fjöldi árskorta starfsmanna þrefaldaðist og notuðu yfir 80% þeirra kortin daglega. Þrátt fyrir fjölgun starfsmanna minnkaði losun um 26% vegna ferða starfsmanna til og frá vinnu. COVID hafði áhrif hér eins og víða með aukinni heimavinnu sem dregur m.a. úr ferðum.	Vegna COVID var ekki gerð ferðavenjukönnun árið 2020 en hún hefði sýnt stöðu vistvæna samgangna. Markmið hafði verið sett um fjölgun starfsmanna á samgöngusamningum. Það er þó ekki góður mælikvarði, færri gera samning en ferðast oftast með vistvænum hætti, samkvæmt könnunum.	1286	953	17%	-26%

GRÆNT BÓKHALD LANDSPÍTALA 2020 - framhald

uppgjör á loftslagsmarkmiðum 2016-2020 og starfsáætlun Landspítala í umhverfismálum 2018-2020



Losun í CO₂-ígildum (tonn)

	ÁRANGUR	ÁSKORUN	2015	2020	Markmið	Breyting
FLUGFERÐIR	Losun vegna flugs starfsmanna dróst verulega saman en 2020 var ekki dæmigert ár. Ekki er að búast við sama áframhaldi en samt má gera ráð fyrir mun minni losun framvegis þar sem COVID hjálpaði til við að læra nýjar aðferðir sem munu gera kleift að fækka flugferðum til muna. Tryggja þarf árangur sem náðist með fleiri fjarráðstefnum og fjarfundum.	Á tímabilinu fjölgaði stöðugt flugferðum eða til ársins 2020 þegar COVID tók fyrir þær að mestu.	614	97	10%	-84%
AKSTUR MATAR OG LÍNS		Nokkur aukning er á losun vegna aksturs matar og líns sem skýrist af meiri umsvifum m.a. þvotti á sængum og COVID (aukning um 11% 2020 frá 2019).	96	123	Hluti af 20%*	28%
ÚRGANGUR	Nokkrar aðgerðir voru á tímabilinu sem hafa aukið flokkun svo sem á textíl (2015), plasti (2016) og gleri (2017). Átak var líka í flokkun á málmum, raffækjum og rafeindabúnaði. Sjálfskömmunarlinur í matsölum drógu einnig úr matarsöun og þar með lífrænum úrgangi.	Mjög aukinn úrgangur, bæði vegna aukinna viðhaldsverkfema en einnig vegna breytinga í eldhúsi sem leiddu til meiri söfnunar á lífrænum úrgangi sem ekki fannst farvegur fyrir fyrr en í lok árs 2020. Þessi tvö atriði veiga mikið í neikvæðum áhrifum kolefnisspors og eru í breytingaferli.	486	547	Ekki sett	30%*
SAMTALS			4.838	3.178		-34%**

* Markmið um 20% samdrátt var sett fyrir þrjá þætti; leigubílanotkun, flutninga á mat og líni og akstur starfsmanna á eigin bíl; samdráttur varð 14%. **Markmið um samdrátt voru um 1.520 tonn CO₂-íg og átti að ná þeim með úrbótum í samgöngum, orkunotkun og glaðlofti. Í lok árs 2020 hafði kolefnisspor minnkað um 1.660 tonn CO₂-íg. Upphafleg markmið voru án úrgangs og þannig varð samdrátturinn 40% en nú er úrgangur hluti af umfangi og nemur samdráttur þá 34% á tímabiliinu.

HEILSUBÆTANDI UMHVERFI & BÆTT AUÐLINDANÝTING - SAMAN GEGN SÓUN

Starfsáætlun umhverfismála 2018-2020 byggir á þremur áherslum; loftslagsúrbætur (sjá að ofan), heilsubætandi umhverfi: lyf og efnamál og bætt auðlindanytni - saman gegn sóun:

MARKMIÐ

STAÐAN

SKÝRT VERKLAG FYRIR HÆTTULEGAN ÚRGANG	Verklag við meðhöndlun hættulegs úrgangs er skýrt og innleitt á öllum deildum Landspítala í samræmi við löggjöf. Draga úr umhverfisáhrifum vegna efnanotkunar.	Stöðugt er unnið að bættri meðhöndlun hættulegs úrgangs. Verklag vegna sóttmengaðra íláta hefur verið í endurskoðun og upplýsingum miðlað til deilda. Einstaka deildir eru heimsóttar. Öll svið hafa hafði innleiðingu á EcoOnline eða eru langt komin og áhættumat hættulegra efna hófst 2020. Ekki er hafin vinna við að draga úr notkun CMR-efna. Samstarfsverkefni með norrænum hóp um vistvæn innkaup og útilokun á heilsuspillandi efnum er að hluta unnið á Landspítala.
ÁBYRG MEÐFERÐ LYFJA	Stuðla að sjálfbærri virðiskeðju lyfja sem tryggir öryggi sjúklings og dragi úr umhverfisáhrifum lyfja við framleiðslu, notkun og förgun.	Hafið. Apótek er hluti af árverkiáttaki um ábyrga meðhöndlun lyfja á landsvísu.
UMHVERFISVÆNAR BYGGINGAR	Umhverfisáherslur Landspítala í nýbyggingum eru uppfylltar og kynntar fyrir verktökum og almenningi. Auka notkun á vistvænni byggingarvörum.	Greining á innkaupum hefur verið gerð og vinna hafin en lá tímabundið niðri.
AUKA VISTVÆN INNKAUP	Vistvænar áherslur við innkaup Landspítala eru skýrar birgjum og starfsmönnum. Útboð eru að 80% með umhverfisskýrðum. Allar verðfyrirsurnir eru með vistvænum kröfum. Draga úr loftslagsáhrifum vegna matargerðar. Auka hlut lífrænt ræktaðra matvæla.	Áherslur Landspítala eru skýrar og fylgja öllum útboðum auk krafna eftir því sem við á. Vistvæn innkaup í góðum farvegi. Lífrænt ræktað matvæli eru hluti af Svansvottun og í framboði eldhúss á þeim hefur verið hægfare aukning. Ekki hefur verið unnið skipulega með loftslagsáhrif matargerðar utan að salatbarir og grænmetisfæði er í nokkurri sókn, einkum í starfsmannamat.
AUKA MIÐLUN UPPLÝSINGA UM UMHVERFISMÁL	Miðla upplýsingum um umhverfisstarfið bæði innan og utan spítalans. Starfsmenn Landspítala hafa þekkingu á umhverfisstarfi spítalans og vita hvernig þeir geta dregið úr umhverfisáhrifum.	Miðlun á upplýsingum um umhverfismál er fjölbreytt og stöðug; mikið efni á vefsíðum og samfélagsmiðlum, fjöldi myndbanda og fréttu um umhverfismál. Einnig eru deildir heimsóttar.